

VERKEFNIÐ

# Framtíð í nýju landi



## Ársskýrsla 2005



Reykjavíkurborg



Rauði kross Íslands

Rauði kross Íslands



Félagsmálaráðuneytið  
Menntamálaráðuneytið



Alþjóðahús  
International Center  
ສູນວັດທະນະທຳ  
អង្គការអន្តរជាតិ កម្ពុជា  
Центр Межкультур  
مركز الثقافات العالمية  
Centro Intercultural

Rauði kross Íslands  
Reykjavíkurborg

Alþjóðahús



Velferðarsjóðar barna



## Ávarp formanns verkefnisstjórnar

Í Morgunblaðinu laugardaginn 19. nóvember voru tvær greinar sem báðar snertu mig djúpt, sérstaklega vegna þeirrar innsýnar sem ég hef fengið í málefni ungra Íslendinga af asískum uppruna í gegnum verkefnið *Framtíð í nýju landi*. Báðar staðfestu, hvor á sinn hátt, tilverugrundvöll þess. Í viðtali sem ber yfirskriftina *Ísland: Ósýnilegir innflytjendur, stefnulausir fjölmiðlar og fordómafullt samfélag*, er rætt við unga fræðikonu, Lindu Dögg Hlöðversdóttur, um meistararitgerð hennar. Hún byggir á viðtölum við asísk ungmenni, en í viðtalinu segir Linda: „Enginn af unglingunum tólf sagðist vera íslenskur, hvorki þeir sem hafa flust hingað, né þeir sem eru fæddir hér og hafa alist upp alfarið á Íslandi. Það fannst mér frekar sláandi.“ Hún gerði einnig að umtalsefni að mörg þeirra kusu að tjá sig við hana á ensku, jafnvel þótt þeir kynnu flest eitthvað í íslensku. Ein af meginniðurstöðum hennar er að fjölmiðlar endurspegli ekki íslenskt samfélag í heild og þar með ekki innflytjendasamfélagið og því upplifi ungmennin sig ekki sem hluta af samfélaginu.

Ritgerð Lindu staðfestir að á Íslandi eru til annarar kynslóðar innflytjendur sem ekki hafa aðlagast samfélaginu í þeim mæli sem ásættanlegt hlýtur að teljast og samfélagið ekki þeim. Í þessari fyrstu ársskýrslu *Framtíðar í nýju landi* er greint frá niðurstöðum Nýsköpunarsjóðsverkefnis sem Hilma H. Sigurðardóttir vann í tengslum við verkefnið. Þar kannaði hún viðhorf ungra víetnama til menntakerfisins og þrjár þeirra varðandi það að treysta undirstöður framtíðar sinnar

með því að afla sér frekari menntunar. Verkefni hennar leiddi í ljós að ungmennin eru mjög varkár í því að leyfa sér stóra drauma. Þau meta aðstæður sínar ekki með þeim hætti að draumar um menntun séu raunhæfir. Spilar þar bæði inn í að þau eru mörg háð því að afla tekna þótt lágar séu og að skólaganga þeirra hingað til hefur einkennst af ósigrum. Öll vilja þau þó læra meiri íslensku. Í ritgerð sinni fjallar Linda einkum um fjölmiðla og þátt þeirra í því að ungmennin telja sig ekki hluta af samfélaginu. Að mínu mati getum við beint sjónum að mörgum fleiri sviðum samfélagsins og komist að svipuðum niðurstöðum – að fjöldamargir aðrir þættir, svo sem efnahagur, vinnumarkaður, menntakerfi o.fl. hafi líka áhrif til útilokunar þessara ungmenna frá samfélaginu.

*Framtíð í nýju landi* er tilraun til þess að nálgast þessi vandamál á forsendum ungmennanna sjálfra og móta einstaklingsmiðaðar lausnir til að hvetja þau áfram í lífinu. Í verkefninu hefur Alþjóðahús, félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg og Velferðarsjóður barna tekið höndum saman á grundvelli meginhugmyndar Anh-Dao Tran verkefnisstjóra til að finna þessar lausnir og leiðir. Við tökum það alvarlega að þessi ungmenni, eins og svo mörg fleiri af erlendum uppruna, hafa ekki skotið nægilega djúpum rötum í samfélagi okkar. Við teljum að íslenskt samfélag eigi að hafa alla burði til þess að ná betri árangri en svo. Eitt helsta tæki okkar er íslenskukennslan, en hún er enn ekki nógu öflug, eins og dæmin sanna.

Í sama tölublaði Morgunblaðsins birtist grein eftir Sigrúnu Sigurðardóttur í tilefni af íslenskri útgáfu á bók Milan Kundera, Lífið er annars staðar. Þar segir: "Tungumálið mótar hugsun einstaklingsins ekki síður en hugsunin mótar málið. Maðurinn notar tungumálið bæði til að skilja sjálfan sig og umhverfi sitt. Tungumálið er því forsenda þess að við getum mátað okkur við það samfélag sem við erum hluti af og aðlagast því þjóðfélagi sem mótar tilvist okkar. Með öðrum orðum má halda því fram, og það gerir Kundera hvað eftir annað, að okkur líði aldrei eins og heima hjá okkur nema við séum vel heima í tungumálinu." Þessi orð kallast á við ritgerð Lindu þar sem fram kom að ungmennin hvorki litu á sig sem Íslendinga, né reyndist þeim tamt að tjá sig á íslensku, jafnvel þó þau hefðu búið hér frá blautum barnsaldri. Þessu verður að breyta.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir framgangi verkefnisins Framtíð í nýju landi á fyrsta starfsári þess, en því var formlega hleypt af stokkunum 1. desember 2004. Miklum kröftum hefur verið varið í að mynda tengsl við markhóp verkefnisins,

ungmenni af víetnömskum uppruna, þróa aðferðir til að koma til móts við þarfir þeirra og afla liðveitenda. Á þessum tíma höfum við sem störfum að verkefninu fengið dýpri innsýn inn í málefni innflytjenda almennt og sannfærst enn frekar um að verkefni sem þetta er ekki aðeins löngu tímabært fyrir markhópin heldur er brýnt að endurskoða almennt nálgun í þjónustu við unga innflytjendur á Íslandi og sameina krafta þeirra mörgu sem að henni koma. Mesta ögrunin liggur á sviði menntakerfisins. Þar er jafnframt bæði tímafrekt og jafnvel átakamikið að koma á breytingum. Á þessum tímamótum erum við stolt af því að á því sviði er menntamálaráðuneytið í samvinnu við Iðnskólann að fara nýjar leiðir í þágu þessa hóps, fyrir tilverknað verkefnisins.

Fyrir hönd verkefnisstjórnar Framtíðar í nýju landi vil ég þakka Anh-Dao Tran verkefnisstjóra og Hilmu H. Sigurðardóttur starfsmanni verkefnisins fyrir frábært starf og einnig liðveitendum fyrir þeirra mikilsverða framlag.

*Hildur Jónsdóttir*



*Framtíð í nýju landi* er nýtt þriggja ára tilrauna- verkefni sem hefur að markmiði að aðstoða víetnömsk ungmenni á aldrinum 15-25 ára að afla sér menntunar og skipuleggja líf sitt til að þau verði virkari í íslensku samfélagi. Í loka- skýrslu verkefnisins verður samantekt um fræði- lega nálgun, markmið, aðferðir, framvindu og árangur. Sett verður fram líkan að stuðningi við menntun og sjálfseflingu ungmenna með innflytjendabakgrunn, sem einnig getur nýst ungmennum af íslenskum uppruna sem standa höllum fæti.

FÍNL er er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Rauða kross Íslands, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Alþjóðahúss og Velferðar- sjóðs barna. Þessir aðilar skipa verkefnisstjórn sem tekur virkan þátt í mótun verkefnisins.

#### **Verkefnisstjórn:**

##### **Aðalmenn:**

Hildur Jónsdóttir, Reykjavíkurborg, formaður  
 Anna Ingadóttir, Rauði krossi Íslands  
 Einar Skúlason, Alþjóðahúsi  
 Ingibjörg Broddadóttir, félagsmálaráðuneytinu  
 Jens Pétur Hjaltested, menntamálaráðuneytinu

##### **Varamenn:**

Kristín Árnadóttir, Reykjavíkurborg  
 Helga Halldórsdóttir, Rauði krossi Íslands  
 Margrét Steinarsdóttir, Alþjóðahúsi, ritari  
 Egill H. Gíslason, Vinnumálastofnun  
 fyrir félagsmálaráðuneytið  
 Eygló Eyjólfadóttir, menntamálaráðuneytinu  
 (lét af stjórnarsetu 1. október 2005)

##### **Starfsmenn**

Anh-Dao Tran, MA, Verkefnastjóri  
 Hilma H. Sigurðardóttir

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru samtals 96 ungmenni, fædd frá 1979 til 1989, af víetnömskum uppruna búsett í landinu. 98% þeirra búa á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessu fyrsta starfsári má skipta starfsþáttum verkefnisins í þrjá hluta:

## 1. hluti

### Byggja upp tengsl við ungmennin og öðlast traust þeirra.

Þessi hluti var fyrirfram talinn sá mikilvægast í upphafi verkefnis-ins. Hann snérist um að byggja upp tengsl verkefnisstjóra við ungmennennin í markhópnum og foreldra þeirra, og öðlast traustið þeirra. Fyrstu sex mánuðina voru 8 fullgildir þátttakendur í verkefninu. Segja má að þau hafi framan af verið svartsýn á möguleika sína til náms og til þess sérstaklega að nema einhverja iðn. Eftir því sem tíminn leið og einstaklingarnir komust að raun um þá þjónustu sem þau gátu fengið í gegnum verkefnið jókst skilningur og traust á milli starfsmanns verkefnisins, þátttakendanna og foreldra þeirra.

Margs konar stuðningur hefur verið veittur. Nær hann, utan ýmissa menntunar- og mentormála, til jafn ólíkra mála sem ráðgjafar um inn-flytjenda-mál og fæðingarorlofsmála. Taka verður tillit til að fólk getur átt erfitt með að einbeita sér að námi á meðan líf þess er ekki komið í sæmilega fastar skorður, það hefur ekki tryggt þak yfir höfuðið og salt í grautinn. Nokkur dæmi um veitta aðstoð eru eftirfarandi:

- Leitað að fjárhagsstuðningu fyrir einn þátttakanda til að hefja starfsþjálfun og íslenskunám við Fjölsmiðjuna. Námi hans þar var ætlað að auðvelda honum að framlengja dvalarleyfi sitt á Íslandi. Þar sem staða móður hans gagnvart útlendingalögum hefur verið veik hafa umsóknir hans um starfsþjálfun enn ekki verið samþykktar.
- Unnið náíð með Margréti Steinarsdóttur lögfræðingi Alþjóðahúss við að aðstoða nema við innflytjendaskjöl, skattamál, húsnæðislán og fleira.
- Farið með einn nemanda í Fjölbrautarskólann í Breiðholti til að ræða við sviðsstjóra vegna umsóknar um inngöngu á lokaáfangi náms í skólanum.
- Aðstoða fjölskyldur nemenda (vegna fæðingarorlofs og annarra málefna tengdum fæðingu barns þeirra, auk húsnæðisvandræða).
- Aðstoða við tungumálanám (ensku, frönsku) í aðdraganda prófs.
- Kenna einum þátttakanda að lesa á íslensku.
- Leitað að fjárhagsstuðningi fyrir tvo þátttakendur til að hefja störf við Fjölsmiðjuna í janúar og febrúar 2005. Báðir eru að læra þar smíðar og íslensku.



- Fara með foreldrum í viðtal hjá kennara til að afla upplýsinga um nám barn þeirra, yngri en 18 ára.
- Gefa einstaklingum ráð varðandi skólagöngu þeirra og félagslíf.
- Sækja um skólavist í Iðnskólann í Reykjavík

Í framhaldi af þessu starfi fjölgaði þátttakendum í verkefni verulega, í 15 í ágúst 2005 og í 25 við lok fyrsta starfsársins. Yngsti þátttakandinn er fæddur 1988 en sá elsti 1980.

Þeir sem síðast hafa komið inn í þátttakendahópinn hafa komið af ólíkum ástæðum :

- Til að fá ráð um hvernig þau geti eftt kunnáttu sína í íslensku og ensku og leitað leiða til að hefja náma að nýju.
- Til að fá fyrra nám sitt metið.
- Til að fá ráð um hvernig þau geti best undirbúið sig fyrir að nýta þá menntun sem þau hafa aflað sér heima fyrir.
- Velja framhaldsskóla eða námskeið sem hæfa áhugamálum og getu.
- Til að fá mentor til að starfa með.
- Til að fá aðstoðarkennara við að skrifa ritgerðir og verkefni á íslensku.

Kynni af þessu unga fólki hafa sýnt verkefnastjóra fram á að flest þeirra:

- Eru mjög slök í íslensku

- Þekkja ekki önnur tungumál en íslensku og móðurmálið
- Hafa veika undirstöðumenntun
- Þurfa að sjá sér fjárhagslega farborða og veita fjölskyldunni fjárhagslegan stuðning
- Skortir sterka sjálfsmynd




Við þeirra eigin erfiðleika bætist að:

1. Framhaldsskólarnir hafa ekki færi á að veita þeim stuðning innan skólanna. Jafnvel námskeið í íslensku sem annað tungumál reynast þeim of erfið ef þau hafa ekki þekkingu á öðru vestrænu tungumáli, s.s. ensku. Án íslenskukunnáttu reynast námsgreinar í grunnnámi, s.s. enska, stærðfræði, íslenska og samfélagsfræði, sem krafist er áður en eiginlegt starfsnám hefst, þeim um megn.
2. Gildandi lög, sem krefjast þess að innflytjendur sem orðnir eru 18 ára gamlir geti sýnt fram á fjárhagslegt sjálfstæði, gerir þeim erfiðara að afla sér menntunar.

# 2. hluti **Byggja upp líkön sem leiða til lausna.**


Með þessa þekkingu að vopni hefur verkefnisstjórnin og starfsmenn getað unnið með ákveðin markmið í huga og leiðir að þeim. Tvö ólík líkön hafa verið sett fram og verða þau reynd:



**Líkan 1:**

**Starfsþjálfun með íslenskunámskeiðum.**

- Lokamarkmið 1 er að þátttakendur öðlist starfsréttindi.
- Lokamarkmið 2 er að þátttakendur öðlist nægilega færni og þekkingu á íslensku á sínu sviði til þess að þeir geti haldið áfram í starfstengdu námi í skólum á borð við FÁ, FB, IR, Íðnskólinn á Hafnarfirði) og MK.



**Líkan 2:**

**Starfsmenntaskólar með mentorum og aðstoðarkennurum (peer-tutor)**

- Mentorar á sama skólastigi aðstoði þátttakendur við námið.
- Íslenskukennsla verði tengd þeirri starfsgrein sem viðkomandi er að læra til
- Finna þeim aðstoðarkennara, t.d. samnemendur.

# 3. hluti

## Tengslanet og samvinna

Stofnanir sem unnið hefur verið með:

**1. Reykjavíkudeild-Rauða kross Íslands:** 15. júní 2005 var mentorabætti verkefnisins hleypt af stokkunum með garðveislu heima hjá Anh-Dao. Mættir voru 7 mentorar, 7 njótendur aðstoðar þeirra, nokkir stjórnarmenn verkefnisins, Hrafnkel Tumi Kolbeinsson og Hulda S. Haraldsdóttir starfsmenn Reykjavíkudeildar Rauða kross Íslands, sem aðstoðaði FÍNL við að finna mentora. Markmiðin með aðstoð mentora eru að:

- Veita ungmennunum innsýn í íslenska menningu
- Vera góð fyrirmynd, efla sjálfsmynd þátttakenda
- Kynna möguleika til fjölbreyttari afþeyingar
- Aðstoða við val á námi og við markmiðsetningu

- Víkka sjóndeildarhring mentoranna hvað varðar fjölmenningu fólks sem fætt er á Íslandi

17. nóvember 2005 gerðust fjórir nemendur Háskóla Íslands þátttakendur í mentorabætti verkefnisins (þrjár konur, einn karl). Sjá bls. 11.

### 2. Félagsþjónustan

Í desember 2004 var eindreginn stuðningur Félagsþjónustunnar í Reykjavík (nú Velferðar-sviðs Reykjavíkurborgar), Láru Björnsdóttur félagsmálastjóra, virkjaður til ýmissa verka.

- Veitti tveimur þátttakendum styrk til þess að þeir mættu fá starfsþjálfun og íslenskunám við Fjölsmiðjuna.
- Edda Ólafsdóttir deildarstjóri (nú félagsráðgjafi við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða) útnefnd tengiliður við verkefnið.





### 3. Iðnskólinn í Reykjavík (IR)

Frá því í ágúst 2005 hefur FÍNL skráð 11 nema við Iðnskólann í Reykjavík, 3 í ágúst og 8 í nóvember. Af þessum 11 eru 7 á Nýbúabraut við íslenskunám, tölvufærninám og enskunám. Hinir fjórir munu byrja á sérstakri námsbraut sem menntamálaráðuneytið hefur unnið að stofnsetningu á með Iðnskólanum.

Í nóvember 2005 beitti menntamálaráuneytið sér fyrir í samvinnu við Iðnskólann að teknir yrðu 4 nemendur inn á iðnbrautir án þess að þeir hefðu áður lokið grunnnámi. Þeir fengu aðstoð við nám og túlkun í samræmi við þörf þeirra fyrir slíkt. Þetta yrðitilraunaverkefni sem hæfist strax. Nemendur byrjuðu í janúar 2006 og verkefnið yrði endurmetið við lok vorannar 2006.

4. **Menntaskólinn við Hamrahlíð:** Anh-Dao Tran bjó til próf í víetnömskum bókmntum sem lagt var fyrir nemanda skólans þannig að hann fengi tungumálaeiningar fyrir.

5. **Fjölbrautaskólinn Ármúla:** fulltrúi skólans sótti vinnustofu FÍNL í Hvalfirði.

6. **Enskuskólinn:** skólinn hefur prófað getu og skipulagt enskunámskeið sem hæfa þátttækendum FÍNL.

7. **Útlendingastofnun:** 9. maí 2005 var haldinn fundur með stjórnendum Útlendingastofnunar, sem veittu verkefninu formlega viðurkenningu. Í viðurkenningunni felst að þátttaka í verkefninu jafngildir fullu námi sem liður í að uppfylla kröfur fyrir dvalarleyfi

8. **Námsflokkar Reykjavíkur:** Námsflokkarnir hafa samþykkt að hefja kennslu í íslensku og stærðfræði í nóvember 2005 fyrir víetnömsk ungmenni sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi.

9. **Efling:** félagið veitti einum þátttakanda atvinnuleysisstyrk til að hefja starfsþjálfun og íslenskunám við Fjölmiðjuna.

10. **Bandalags íslenskra skáta:** 26. til 28. ágúst fóru 2 skátar, að tilhlutan Bandalags íslenskra skáta, ásamt verkefnisstjóra FÍNL, með 22 víetnömsk ungmenni að Gufuskálum á Snæfellsnesi. Tilgangur ferðarinnar var að veita þessum unmennum tækifæri til að kynnst betur, efla hópinn í sameiningu, og kynna fyrir þeim brot af íslensku landslagi og sögu. Sjá bls. 12.

11. **Nýsköpunarsjóður námsmanna:** Í september 2005 hlaut verkefnið Jafnrétti til náms – talsýn eða veruleiki styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Umsækjandi var Hildur Jónsdóttir. Úttektinni er ætlað að auka skilning víetnömsku ungmennanna þannig að þau geti tengst Framtíð í nýju landi með árangursríkari hætti. Úttektinni stýrir Hilma H. Sigurðardóttir starfsmaður verkefnisins í samvinnu við verkefnisstjóra (sjá bls. 13 ).

12. **Vinnustofa „Leggjum framtíðinni lið“:** 16. mars 2005 var haldin vinnustofa að Glymi í Hvalfirði. 28 manns frá ýmsum stofnunum og skólum tóku þátt í henni. Einnig tóku þátt 6 víetnömsk ungmenni (sjá Samantekt og þátttakendalisti vegna vinnustofu bls. 15). Markmiðið með vinnustofunni var að kynna verkefnið og gefa stofnununum tækifæri til að tengjast því og leggja hönd á plóginn.

FÍNL

## Framundan:

FÍNL mun halda áfram að skapa ný tækifæri og hvetja ungmenni verkefnisins til að víkka sjóndeildarhring sinn bæði félagslega og menntunarlega með því að:

1. vinna áfram með ólíkum stofnunum við að þróa íslenskukennslu þeirra og kenna nemendum verkefnisins á áhrifaríkan hátt
2. halda áfram í samvinnu við framhaldsskóla að fá aðstoð fyrir víetnamska nemendur til þess að þeir komist í gegnum nám á þessu skólastigi
3. halda áfram að leita að fleiri mentorum fyrir þátttakendur í verkefninu, vinna með öðrum ungmennasamtökum til þess að efla skilning þátttakenda á félagslegu og menningarlegu umhverfi sínu
4. finna einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki sem tilbúin eru til að fóstura þátttakendur, kenna þeim og þjálfa þau fyrir ákveðnar iðngreinar sem geta orðið stökkpallar fyrir frekari menntun og starfsframa.





FÍNL

## Nokkrir atburðir á starfsárinn



### Mentorastarf

Mentorabáttur verkefnisins byggist á samvinnu við Sjálfbodamiðstöð Reykjavíkudeildar Rauða kross Íslands.

Á vordögum var sjálfbodastarfinu hleypt af stað með grillveislu. Allir mentorar, víetnömsku ungmennin, stjórnarmeðlimir, verkefnastjóri og starfsmaður komu þá saman. Þar var kátt á hjalla þar sem Anh-Dao, verkefnastjóri, bauð heim. Borðaður var góður matur, spjallað saman og farið í leiki. Þetta var góð leið til þess að kynnst innbyrðis þeim sem starfa innan FÍNL.

Um átta pör byrjuðu í mentorastarfinu í vor. Erfiðlega gekk að hittast yfir sumarmánuðina en pörin virðast hafa meiri reglu á fundum sínum með vetrardagskránni. Eitt par bættist í hópinn snemma í haust en eftir að hafa auglýst í háskólum höfuðborgarsvæðisins bárust fjórar umsóknir til viðbótar um sjálfbodastarf með FÍNL. Nýverið voru þessir fjórir mentorar paraðir saman við víetnömsk ungmenni og bjóðum við þau öll velkomin í hópinn og vonum að þeim eigi eftir að líða vel með FÍNL. Ákveðið hefur verið að starfsmenn FÍNL hitti mentorapörin á sex til átta vikna fresti til þess að sýna stuðning og aðhald.

Slíkir fundir hafa verið tvisvar sinnum nú í haust en í fyrra skiptið var hist í Alþjóðahúsinu og skipst á reynslusögum um mentorastarfið. Í seinna voru heimkynni Reykjavíkurdeildar RkÍ heimsótt. Þá komu bæði mentorar og ungmennin mat með sér svo sú máltíð var margrétta og fjölbjóðleg. Slík var stemningin að ákveðið var að hittast aftur í desember með piparkökur að vopni sem hægt væri að skreyta undir skemmtilegum jólalögum. Framundan er því að halda lítil jól 8. desember nk. Þar verða íslenskir jólasíðir kynntir, íslenskur jólamatur snæddur og skipst á litlum jólapökkum.

### **Haustferð: Snæfellsnes, Gufuskálar**

Snemma í haust fóru 25 víetnömsk ungmenni í ferðalag að Gufuskálum á Snæfellsnesi með Anh-Dao, verkefnastjóra og tveimur skátum, Guðmundi og Gísla.

Tilgangur ferðarinnar var að veita þessum unmennum tækifæri til að kynnst betur, efla hópinn í sameiningu, og kynna fyrir þeim brot af íslensku landslagi og sögu.

### *Komið var að Gufuskálum um kvöldmatarleyti á föstudegi.*

Á laugardeginum, safnaðist hópurinn saman að loknum morgunverði til að efla samstöðuna í hópnum með hlutverkaleikjum. T.d. rökræddu þau hvort gildi menntunar. Það var ágæt upphitun fyrir að svara könnun sem þau glímdu við eftir hádegi. Síðar um daginn var farið í göngutúr í fjörunni þar sem Guðmundur og Gísli sögðu sögur um staðinn og greindu frá því starfi sem nú fer þar fram í björgunasveitum.

Í þessum göngutúr lærðu ungmennin um viðinn sem kom alla leið frá Síberíu til stranda Íslands og til hvers hann var notaður. Einnig fengu þau að skoða vatnsbrunn frá víkingaöld. Þar sem nýsköpunarsjóðsverkefnið var í vinnslu var tækifærið notað og spurningarlistar lagðir fyrir ungmennin. Að því loknu var farið í bílferð að vitanum á Öndverðanesi og hlaupið í flæðamáli Skarðsness. Þegar kvöldi tók elduðu ungmennin, borðuðu saman og dönsuðu fram eftir kvöldi.

Sunnudagsmorguninn einkenndist af tiltekt.

Á leiðinni heim var stoppað á Dritvíkurströnd þar sem ungmennin reyndu við lyftingar á amlóða, hálfsterkum og fullsterkum.

Ungmennin voru samála um að mikið fjör hafi verið í þessari ferð og er stefnan tekin á að endurtaka leikinn næsta sumar.





FÍNL

## Nýsköpunarsjóðsverkefni: Jafnrétti til náms – talsýn eða veruleiki

Hilma H. Sigurðardóttir, starfsmaður FÍNL, vann nýsköpunarsjóðsverkefni fyrir Reykjavíkurborg. Með því var reynt að varpa skýrar ljósi á stöðu víetnamskra ungmenna með tilliti til jafnrétti til náms. Grunur var uppi um að víetnömsk ungmenni væru einangruð í störfum, töluðu litla íslensku og færu ekki í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi eða flosnuði fljótlega upp eftir að hafa byrjað. Mikilvægt er fyrir starf FÍNL að hafa rök fyrir þessum grunsemdum og því voru þrjár rannsóknarspurningar lagðar fram:

- Hvar standa víetnömsk ungmenni í íslensku samfélagi og hver er framtíðarsýn þeirra?
- Hvaða þættir hafa áhrif á aðlögunarferli víetnamskra ungmenna?
- Hvaða markmið og drauma hafa víetnömsk ungmenni um framtíð sína á Íslandi?

Bæði var notast við eigindlegar og meginndlegar rannsóknaraðferðir. Tekin voru fimm viðtöl við sex ungmenni og spurningalistinn var lagður fyrir 43 ungmenni á aldrinum 16-25 ára, eða um helming af heildarþýði hópsins. Viðmælendur voru valdir út frá því hvort þeir gætu tjáð sig á íslensku en einnig var reynt að hafa viðmælendur misgamla og tala við ungmenni sem búið hafa mislengi á Íslandi. Spurningalistinn samanstóð af 53 listaspurningum og fjórum bakkgrunnsspurningum. Listaspurningunum var skipt í fjóra flokka: núverandi stöðu víetnamskra ungmenna, fjölskyldu, skólagöngu og viðhorf til íslensks samfélags.



Helstu niðurstöður voru þær að þó fjölmenn- ingarleg aðstoð við hvers kyns minnihluta sé tryggð með lögum virðist oft vera erfitt að samræma mismunandi lagasetningar til þess að styrkja starf sem unnið er. Skólar, fyrirtæki og aðrar stofnanir þurfa að koma að styðja við ungmennin með góðu aðgengi að námi og persónulegri aðstoð. Ungmennin töldu litla umgengni við aðra Íslendinga vera eina helstu orsök þess að þeim gengi illa að læra íslensku.

Víetnömsku ungmennin virtust vera einangruð í störfum sínum og hafa lítil samskipti við Íslendinga og má draga þá ályktun út frá því að þau standi höllum fæti í íslensku samfélagi. Engu að síður hafa ungmennin bjarta framtíðarsýn og geyma með sér drauma og væntingar sem þau eiga erfitt með að uppfylla sökum tungumálaerfiðleika, lítillar aðstoðar og vantraust á sjálfum sér. Af



Þessum sökum er mikilvægt að styðja vel við ungmennin og hefur Framtíð í nýju landi brugðist við þessu með því að búa til framtíðaráætlanir með ungmennunum og efla þau til þess að fylgja þeim eftir. Jafnt sem fyrirtæki og stofnanir eru eflað til þess að aðlaga starfsemi sína að þörfum ungra innflytjenda. Markmið og draumar víetnömsku

ungmennanna einkenndust af því að læra betur íslensku, stefna að starfi sem þau hafa ánægju af og gefur þeim góða afkomu.

Hægt er að nálgast skýrsluna í heild sinni á vef Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



FÍNL

## Vinnustofa „Leggjum framtíðinni lið“

Vinnustofa Framtíðar í nýju landi fór fram á Hótel Glymi í Hvalfirði í mars 2005. Tilgangur hennar var að efla samhæfingu stofnana og auka tengsl milli þeirra sem og að fá hugmyndir frá þverfaglegum hópi. Unnið var í hópum og skiluðu hóparnir af sér niðurstöðum. 28 manns tóku þátt í vinnustofunni og kviknuðu margar hugmyndir. Sex víetnömsk ungmenni voru með og gáfu þau skemmtilega sýn á vinnuna. Framlag þeirra veitir þátttakendum betri innsýn og betri skilning á stöðu ungra innflytjenda. Þátttakendur komu víðs vegar að úr atvinnulífinu, þarna voru m.a. kennarar, félagsráðgjafar, skátar, sálfræðingar og stjórnarmenn FÍNL.



til nýs lands. Einnig voru teknar fyrir ógnir og tækifæri innflytjenda við að fóta sig í nýju samfélagi. Styrkleikar og veikleikar eru því inn á við og ógnir og tækifæri út á við. Þátttakendur settu saman eitt SVÓT kort sem nota má sem niðurstöðu úr hugkortagerð og SVÓT- greiningu. Fram kom að félagsfærni væri kjarninn í mörgum þeim og forsenda þess að einstaklingur geti tekið þátt í viðfangsefnum samfélagsins, s.s. skóla og atvinnulífi. Styrkleikar einstaklingsins hjálpa honum að takast á við ógnir umhverfisins.



Hildur Jónsdóttir og Anh-Dao Tran stýrðu hópastarfinu. Hver þátttakandi byrjaði á því að velja sér þema sem hann bjó til hugkort út frá. Þemun voru: sjálfsstyrking, félagsfærni, skólar, vinnustaðir, mentoring, íslenskukennsla og aðlögun. Hugkortin voru svo nýtt í hópvinu. Þátttakendum var skipt í fimm hópa sem útbjuggu SVÓT kort. Í SVÓT greiningu voru teknir fyrir styrkleikar og veikleikar innflytjenda sem koma





**Styrkleikar:**

- Áhugi
- Ástundun
- Tengsl
- Sjálfsagi
- Hæfileikar
- Þekking
- Markmiðasetning
- Þor og áræðni
- Möguleikar
- Tvítyngi
- Umburðarlyndi
- Jákvætt viðhorf til menntunar
- Meðvitund

**Ógnir:**

- Lélegt húsnæði
- Slæm fjárhagsstaða
- Skortur á námsefni
- Reynsluleysi kennara
- Fordómar
- Stefnuleysi stjórnvalda
- Vanþekking
- Láglaunastörf
- Tungumálaerfiðleikar
- Vinnumálalöggjöf
- Misnotkun
- Smitandi viðhorf
- Skortur á námsleiðum
- Óhagstæð löggjöf
- Réttindi
- Þrýstingur frá fjölskyldu að vinna

**Veikleikar:**

- Feimni
- Hræðsla
- Eigin fordómar
- Áhugaleysi
- Vonleysi
- Bág íslenskukunnátta

**Tækifæri:**

- Mentoring/vinátta
- Íslenskukunnátta
- Einstaklingsmiðaðar lausnir
- Fræðsla/kynning
- Jákvætt viðhorf
- Meira samstarf milli kerfa/stofnana
- Samþætting
- Samskipti/blöndun
- Menntun
- Vinnustaðir
- Tvítyngi
- Stuðningsaðilar
- Félög/samtök
- Félagsstarf

Hver þátttakandi tók saman í lokin hvernig sín stofnun gæti komið að því að styðja við verkefnið FÍNL. Niðurstaðan úr þeirri vinnu var sú að ef allir

leggjast á eitt ætti að vera hægt að stórefla þann stuðning sem veittur er ungum innflytjendum á Íslandi.



## Rekstrarreikningur 1.12.2004 til 30.11.2005

	Sundurl.	2004/2005
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Gr. frá samstarfsaðilum	1	5.000.000
Styrkir	2	50.000
	<b>Samtals:</b>	<u><u>5.050.000</u></u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og launatengd gjöld verkefnisstj.	3	3.290.032
Laun aðstoðamanns		516.313
Bifreiðastyrkur		264.000
Verktakagreiðsla		759.699
Sími		120.000
Annar kostnaður	4	234.808
	<b>Samtals:</b>	<u><u>5.184.852</u></u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði		-134.852
<b>Fjármagnstekjur og gjöld:</b>		
Vaxtatekjur 2004		5.712
Fjármagnstekjuskattur 2004		-571
	<b>Samtals:</b>	<u><u>5.141</u></u>
<b>Tap ársins</b>		<b>-129.711</b>



## Sundurliðanir

### 1. Samstarfsaðilar

Velferðsjóður	1.000.000
Þróunnar og fjölsk.svið Reykjavíkurborgar	500.000
Rauði kross Íslands	1.000.000
Félagsmálaráðuneytið	1.000.000
Menntamálaráðuneytið	200.000
Menntamálaráðuneytið	800.000
ÍTR	100.000
Miðgarður	100.000
Jafnréttisráðgjafi	100.000
Félagsþjónustan	200.000
	<b>5.000.000</b>

### 2. Styrkir

Styrktarsj. Margrétar	50.000
	<b>50.000</b>

### 3. Laun og launat. Gjöld verkefnisstj.

Laun	2.832.000
Tryggingargjald	188.758
Mótframlag í lífsj.	198.240
Sjúkra og orlofssjóður	71.034
	<b>3.290.032</b>

### 4. Annar kostnaður

Ráðstefnur	155.782
Fundarkostnaður	6.504
Ferð Mána til Póllands	61.847
Hagstofa listi	7.000
Póstburðagjöld	1.540
Bankakostnaður	285
Blóm fyrir Eygló	1.850
	<b>234.808</b>